

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mátis ohf. Vínlandsleið 12



Dags eftirlits	25.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Mátis ohf.	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Vínlandsleið 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670906-0190	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur H Friðjónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Björn Þór Aðalsteinsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Mátis fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Tvö frávik voru sett fram og tvær ábendingar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Mátis til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar lífverur í flokki I að Vínlandsleið 12 í Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2 í leyfi)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
- Skoðunarferð

Fulltrúi rekstraraðila (Elisabet Eik Guðmundsdóttir) tilkynnti að annar aðili (Ólafur H Friðjónsson) væri að taka við sem fulltrúi rekstraraðila og fól þeim einstakling að sjá um úttektina. Einnig viðstaddur var Björn Þór Aðalsteinsson.

Eftirlitið hófst á fundi með nýjum fulltrúa rekstraraðila. Farið var yfir leyfið þ.m.t. umfang, skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir og vinnudagbækur og var verklag í samræmi við ákvæði leyfisins. Skiptireglan var einnig rædd og dæmi tekin um hana.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur á rannsóknarstofur á 1. hæð auk efnaherbergis. Einnig var farið í skoðunarferð um kjallara þar sem vinna, geymsla og dauðhreinsun úrgangs fer fram.

Á rannsóknarstofu voru ruslatunnur fyrir sóttmengaðar úrgang til staðar og góðar merkingar. Einnig var ákveðið svæði tilgreint fyrir vinnu með erfðabreyttar lífverur og svæði fyrir sóttmengun áhöld. Við skoðun á efnaherbergi var efnaskápur opnaður og þá var rætt að huga þyrfti vel að því hvaða hættuleg efni væru geymd saman. Öryggisblöð (SDS) voru rædd en starfsfólk geta nálgast þau á netinu. Rekstraraðila var bent á að gott væri að hafa öryggisblöðin aðgengilegri fyrir starfsfólk, t.d. útprentuð eða með QR kóða sem vísar í gagnagrunn. Í efnaherbergi kom í ljós að spilliefni eru geymd á gólfi undir dragskáp án lekavarna (lekabyttu). Um var að ræða stórar umbúðir af hættulegum efnum: t.d. 20 kg brúsa af 37% formaldehýð, flösku af metanóli og aðra ótilgreinda brúsa með efnum.

Rými í kjallara þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur voru ekki merkt. Þar má nefna herbergi með hvarfakerum (bioreactor), herbergi með gufusævi (autoklavi) þar sem sóttmengaður úrgangur er geymdur fyrir dauðhreinsun og rými þar sem sýni eru geymd með fljótandi köfnunarefni.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 3.4 í leyfi	Spilliefni eru geymd á gólfi undir dragskáp án lekavarna (lekabyttu), sem telst frávik frá kröfum um örugga geymslu og áhættustýringar vegna hættulegra efna.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að yfirfara hvaða efni eru geymd saman í spilliefnaskáp og tryggja að ósamhæf efni séu aðskilin, í samræmi við öryggisblöð og viðeigandi reglur um meðhöndlun hættulegra efna. Þetta er nauðsynlegt til að fyrirbyggja hættuleg efnahvörf og tryggja örugga geymslu samkvæmt grein 3.4 í leyfi,

Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð (SDS) betur aðgengileg fyrir starfsfólk á vinnusvæðum þar sem hættuleg efni eru notuð eða geymd samkvæmt grein 3.4 í leyfi,

ANNAR

Reykjavík, 31.07.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson